

Fundur hagsmunaaðila og stofnaðila Austurbrúar haldinn á Teams, 29. apríl 2025, kl. 16:00.

Fundur boðaður með tölvupósti til hagsmunaaðila og stofnaðila annarra en sveitarfélaga og ítrekaður á Facebooksíðu samstarfsaðila Austurbrúar.

Fundurinn fór eftir dagskrá skv. 11. gr. skipulagsskrár Austurbrúar.

Mættir fulltrúar hagsmunaaðila og stofnaðila voru:

Árni Ólason Menntaskólinn á Egilsstöðum

Sólborg Steinþórsdóttir Hótel Hérað

Sigfinnur Björnsson Tanni Travel

Díana Mjöll Sveinsdóttir Ferðamálasamtök Austurlands

Hulda Elisabeth Daníelsdóttir og Gunnlaugur Jónasson Gistihúsið Egilsstöðum

Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir Afl stéttarfélag

Kristín Ágústsdóttir Náttúrustofa Austurlands

Henning Arnór Úlfarsson Háskólinn Reykjavík

Eygló Björk Óladóttir Móðir jörð/Vallarnes

Gyða Borg Barðadóttir Óbyggðasetur

Sabine Kramp, Travel East

Hlín Pétursdóttir Behrens Bandalag íslenskra listamanna

Áslaug Ásgeirsdóttir Háskólinn Akureyri

Pórhildur Tinna Sigurðardóttir Fjarðabyggð

Aðalheiður Ósk Guðmundsdóttir Hótel Breiðdalsvík

Ingi Ragnarsson Hótel Baggi Bragðavöllum

Kristján Ketill Stefánsson Háskóli Íslands

Sindri Sigurðsson Útvegsmannafélag Austurlands

Margrét Sigfúsdóttir Ferðaþjónustan Mjóafirði

Birgir Jónsson Verkmenntaskóli Austurlands

Skúli Björn Gunnarsson Gunnarsstofnun

Mætt frá Austurbrú: Bryndís Fiona Ford framkvæmdastjóri, Valdís Vaka Kristjánsdóttir verkefnastjóri fjármála, Alexandra Tómasdóttir verkefnastjóri markaðsmála, Signý Ormarsdóttir yfirverkefnastjóri byggða- og atvinnuþróun, Ásdís Helga Bjarnadóttir yfirverkefnastjóri fræðslumála, Urður Gunnarsdóttir og Páll Baldursson verkefnastjórar í byggða- og atvinnuþróun.

Framkvæmdastjóri Austurbrúar Bryndís Fiona Ford setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna og lagði til að fundarstjóri verði Skúli Björn Gunnarsson og fundarritari Páll Baldursson sem var samþykkt samhljóða.

Dagskrá:

1. Starfsemi Austurbrúar kynnt
2. Áherslur í markaðsmálum
3. Kosning fagráðs

4. Fulltrúar á ársfund (hagsmunaaðildar)
5. Önnur mál

1. Starfsemi Austurbrúar kynnt

Kynnti var starfsemi Austurbrúar, farið yfir starfs- og fjárhagsáætlun fyrir 2025 og áherslur í markaðsmálum ferðaþjónustu kynntar.

Bryndís framkvæmdastjóri kynnti skipulag og starf Austurbrúar, sem hverfist um fimm málaflokka; Byggðapróun og atvinnumál, fræðslumál, rannsóknir og samfélagspróun, verkefni á vegum SSA og inri verkefni. Bryndís sagði að lögð væri áhersla á samræmda og þverfaglega þjónustu tengda atvinnulífi, menntun og menningu.

Urður Gunnarsdóttir kynnti svæðisskipulag 2022-2044 og sóknaráætlun Austurlands 2025-2029 og tengsl við verkefni Austurbrúar.

Þá var farið yfir starfsáætlun Austurbrúar fyrir yfirstandandi ár, sem byggist á markmiðum með mælanlegum lykilmíðurstöðum. Signý Ormarsdóttir kynnti verkefni og markmið í byggða- og atvinnuþróun, sérstök verkefni s.s. Sterkan Stöðvarfjörð, menningarhátíðina BRAS og Matarauð Austurlands, svo og verkefnum tengdum umhverfismálum.

Ásdís Helga Bjarnadóttir fór yfir áhersluverkefni í fræðslumálum; háskólamál, símenntun, fyrirtækjafræðslu, ráðgjöf og raunfærnimat.

Urður sagði frá rannsóknum sem eru allt frá evrópskum samstarfsverkefnum til þjónustu- og íbúakannanir og Sjálfbærni-verkefni Alcoa. Þá var einnig rætt um nýtt tveggja ára farsældarverkefni stjórnvalda.

Jafnframt fór Urður tengsl SSA við Austurbrú og þau verkefni sem þar eru undir, svo sem Sóknaráætlun og Uppbyggingarsjóði Austurlands.

Valdís Vaka Kristjánsdóttir verkefnastjóri fjármála fór yfir fjárhagsáætlun Austurbrúar og tekjuáætlun.

Umræður sköpuðust um fjárhagsáætlun – starfsmannafjölda og ársverk, svo hvort Austurland væri að halda sínum hlut í samanburði við aðra landshluta þegar kæmi að opinberu fjármagni. Þá var Austurbrú hrósað fyrir námskeiðahald í samvinnu við fyrirtæki á svæðinu.

2. Áherslur í markaðsmálum

Alexandra Teymisstjóri markaðsstofu Austurlands kynnti áherslur í markaðssetningu Austurbrúar þar sem áherslan er að fá beint flug á Austurland, lengja ferðatímabilið, betri dreifingu ferðamanna um fjórðunginn og lengja dvöl ferðamanna í fjórðungnum – í sátt við heimamenn með sjálfbærni að leiðarljósi.

Umræður sköpuðust um samfellu áætlanafærða innan fjórðungs, sem væri glöppótt og ótraustar tengingar við flugvöll og einstaka byggðakjarna en þetta kom einnig ítrekað fram í vinnu við sóknaráætlun, og er því eitt af verkefnum í sóknaráætlun. Þá var bent á að markaðssetningu skíðasvæðanna innanland og möguleika á að nýta betur tölfræði í tengslum við norðurljós. Einnig var rætt um greiningu á fækkun gistinátta á svæðinu á síðasta ári.

3. Kosning fagráðs

Kosning fagráðs skv. 10. gr. skipulagsskrár Austurbrúar. Fundarstjóri fór í gegnum hlutverk fagráðs og fyrirkomulag um skipan stjórnar samkvæmt samþykkt Austurbrúar og hlutverk fagráðs.

Lög var fram eftirfarandi tillaga um fulltrúa í fagráð og þá um leið stjórnarmenn sem taki sæti í stjórn Austurbrúar:

Díana Mjöll Sveinsdóttir (Ferðamálasamtök Austurlands) – formaður og fulltrúi í stjórn Austurbrúar

Sindri Karl Sigurðsson (Útvegsmannafélag Austurlands) varaformaður og fulltrúi í stjórn Austurbrúar

Hlín Pétursdóttir Behrens (Bandalag íslenskra listamanna)

Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir (Afl stéttarfélag)

Kristján K. Stefánsson (Háskóli Íslands)

Önnur framboð bárust ekki og var því tillagan samþykkt samhljóða

4. Fulltrúar á ársfund (hagsmunaaðildar)

Fundarstjóri fór yfir fyrirkomulag varðandi ársfund Austurbrúar og óskað eftir framboðum um hverjir gæfu kost á sér að fara með fimm atkvæði fyrir hönd skráðra hagsmunaaðila á ársfundi Austurbrúar sem haldin verður þann 9. maí nk. á Eiðum.

Samþykkt samhljóða að Sólborg Steinþórsdóttir fari með 3 atkvæði og Skúli Björn Gunnarsson fari með 2 atkvæði á fundinn.

5. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundarstjóri þakkaði fyrir fundinn og óskaði eftir samþykkt fundarins um að fundarstjóra og fundarritara verði falið að ganga frá fundargerð. Samþykkt samhljóða.

Að lokum tók Bryndís framkvæmdastjóri til máls, þakkaði fundarmönnum fyrir fundinn og minnti á ársfund Austurbrúar föstudaginn 9. maí nk. sem haldinn verður á Eiðum um leið og hún sleit fundi

Fleira ekki. Fundi var slitið kl. 17:13

Skúli Björn Gunnarsson

Páll Baldursson